



Landssamband ungmennafélaga

Reykjavík 17. maí 2017

Umsögn Landssambands ungmennafélaga um frumvarp til laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998 (kosningaaldur). 146. Löggjafarþing 2016-2017. Þingskjal 261 - 190. mál.

Stjórn Landssambands ungmennafélaga (LUF) áður Landssamband æskulýðsfélaga (LÆF) hefur fengið ofangreint frumvarp sent til umsagnar. LUF fagnar frumvarpinu þar sem lækkun kosningaaldurs niður í 16 ár er yfirlýst stefna og eitt helsta baráttumál félagsins. Því skorar LUF á Alþingi Íslendinga að samþykkja frumvarpið og veita ungu fólki tækifæri til þess að hafa raunveruleg áhrif á samfélagið. LUF hefur engar athugasemdir við lagafrumvarpið en vekur athygli á eftirfarandi um greinargerð frumvarpsins:

Nafni félagsins var breytt á sambandsþingi þann 25. febrúar 2017 og á sama tíma var stefna félagsins uppfærð. Vakin er athygli á þessum breytingum þar sem félagið sat undirbúningsfund vegna frumvarpsins og greinargerðin vitnar í stefnunna með beinni tilvitnun.

Eins og LUF benti á við undirbúning er nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að fræða ungmenni sem yrði þá fyrst til að kjósa yngri en 18 ára, ekki einungis mikilvægt eins og segir í frumvarpi. LUF ítrekar nauðsyn þeirra ráðstafana samhliða lækkun kosningaaldurs. Í nágrannaríkjum Íslands sem hafa þegar lækkað aldur eru systursamtök LUF viðurkennd sem verðmæt framlög til að stuðla að aukinni lýðræðisþátttöku ungs fólks og hafa margra ára reynslu af lýðræðisverkefnum eins og t.d. skuggakosningum. LUF telur því nauðsynlegt en ekki nægilegt að lækka kosningaaldur. Auk þess þarf að leggja ríka áherslu á að styðja við verkefni eins og t.d. #ÉgKýs.

Fram kemur jafnframt að #ÉgKýs verkefnið kunni að vera hluti skýringar á því að kjörsókn ungs fólks hafi verið talsvert meiri í Alþingiskosningunum en sveitarstjórnarkosningum. LUF vekur athygli á því að ekki er unnt að gera samanburð á þeim ólíku kosningum, en LUF er að vinna eftirfylgnirannsókn í samvinnu við Samband íslenskra framhaldsskólanema og Háskóla Íslands til þess að kanna áhrif #ÉgKýs á kjörsókn. LUF leggur til að ríkið styðji við áframhaldandi eftirfylgnirannsóknir til þess að fylgjast betur með og bregðast við kosningahegðun ungs fólks.

Ef samfélagshópnum „ungt fólk“ væri skipt út fyrir aðra jaðarsetta samfélagshópa í titlinum „Ungt fólk hefur skoðanir á samfélagsmálum“ á bls. 4 koma fordómar gagnvart ungu fólki glögglega í ljós þrátt fyrir þveröfugt markmið greinargerðarinnar. Auk þess er vakin athygli á því að sá kafli fjallar aðallega um óhefðbundna stjórnmalapátttöku ungs fólks - sem er þörf á að viðurkenna og aðlaga að pólitískum vettvangi samfélagsins. Að öðru leyti er greinargerðin vel unnin og studd af LUF.

Virðingarfyllst f.h. stjórnar,
Tinna Isebarn,
Framkvæmdastjóri LUF
tinna.isebarn@youth.is